



SKYLDINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland
www.skyldingar.is



Reykjavík, 15. desember 2009

Efni: Íþróttamaður og íþróttakona Skyldingasambands Íslands árið 2009

Skyldingakona ársins er Þorbjörg Ágústsdóttir, Skyldingafélagi Reykjavíkur.



Þorbjörg varð Norðurlandameistari kvenna í skyldingum með höggsvörði árið 2009 í fimmta skiptið.

Evrópuskrá: 40 sæti

Þorbjörg hafnaði **3. sæti í kvennaflokki á Viking Cup 2009**, alþjóðlegu skyldingamóti haldið er í Reykjavík ár hvert og er það hluti af Norður-Evrópubikars röðinni (Satellite heimsbikarmót) sem gefur stig á heimslista Alþjóðaskyldingasambandsins (FIE). Þetta er sterkasta mótið sem haldið hefur verið hérlendis til þessa. Þorbjörg hafnaði í **40. sæti** á Evrópumeistarmótinu 2009, haldið að þessu sinni í Plovdiv í Búlgaríu. Þetta var sterkasta mót ársins í skyldingaheiminum.

Skyldingamaður ársins er Ragnar Ingi Sigurðsson, Skyldingadeild FH.



Ragnar vann öll mót sem haldin voru hér á landi á árinu. Hann varð Íslandsmeistari í 12 skiptið á árinu og varði Íslandsmeistaratitilinn í liðakeppni með liði sínu FH. Auk þess að keppa hefur Ragnar Ingi staðið frábærlega vel að uppbyggingu skyldingastarfs í Hafnarfirði, en hann er aðalþjálfari Skyldingadeildar FH.

Með kveðju,

Nikolay Mateev,
Framkvæmdastjóri SKY



SKYLDINGAFJÖLSKYLDAN

